

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972, um tekjustofna sveitarfélaga.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða hækka um allt að 25% hundraðshluta þá, sem tilgreindir eru í 2. málsgrein þessarar greinar, samkvæmt öðrum hvorum eða báðum stafliðum.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1978.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 98 31. des. 1974, um breyting á lögum nr. 97 27. des. 1973, um löndun á loðnu til bræðslu.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Drátt fyrir ákvæði laga nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, skal m/s Ísafold, 800 lesta skipi frá Hirtshals í Danmörku, vera heimilt að veiða loðnu í landhelgi og landa henni sem íslenskt skip til ársloka 1978, enda hlíti það reglum, er sjávarútvegsráðuneytið setur, sé rekið af íslenskum aðila og áhöfn þess sé íslensk. Loðnunefnd skal gæta þess að heina m/s Ísafold, eftir því sem þörf er á, til hafna er liggja fjarri aðalveiðisvæði hverju sinni.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1977.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthias Bjarnason.*